

Fundur 26/11 2018

Mætt

Brynja, Gunnar, Daníel, Alma og Edda.

Jólafondur:

Jólafondrið 25/11 skilaði 10.bekk 47100 krónum úr kaffi/vöfflusölu.

Föndrað var í 3 stofum (stólar úr 4)

Ein stöð klickaði á að gera sýnishorn og korter í föndur kom í ljós að ekki gekk að nota málningu á jólakúlur. En því var snarlega reddað með pennum. Mikilvægt að skilað sé sýnishornum þannig að tryggt sé að búið sé að reyna við verkefnið og það sé geranlegt.

Skráðir voru 196, líklega 124 sem föndruðu. Á næsta ári þarf að láta fólk merkja við börn og fullorðna aðskilið svo að auðveldara sé að telja þá sem föndra.

Rætt var um að færa jólafondur inn í miðja vikuna. Td föstudag fyrir hádegi og þá með svipuðu sniði og Vorhátíðin. Samsagt með þáttöku kennara og annars starfsfólks. Bekkjarráð og foreldraráð kæmu að þessu líka. Einhverjir foreldrar hafa sett út á það að þetta sé um helgi, öðrum finnst þetta barns síns tíma og eigi ekki við lengur. En á sama tíma er verið að tala um mikilvægi samveru foreldra og barna. Væri erfiðara fyrir fólk að koma í kannski 2 klst á virkum degi ef það hefði góðan fyrirvara á því. Kæmu fleiri/færri eða bara þeir sömu og mæta um helgi? Ýmsar vangaveltur um þetta. Taka þarf samtal með skólustjórnendum næsta haust og sjá hvernig þeir sjá þetta fyrir sér og finna lausn. Jafnvel gera könnun meðal foreldra..

Hvað varðar innkaup fyrir jólafondrið þá var einnig rætt að kannski væri snjallt að bekkjarfulltrúar færu í A4 og létu taka frá og gjaldkeri færi svo og keypti. Þannig fengist afsláttur og einfaldara utanumhald.

Erindi barst til foreldrafélags um dónaskap foreldra í garð fulltrúa í bekkjarráðum. Börnum sé skutlað á viðburði og skilin eftir, fólk virðist telja að bekkjarráðin séu barnapíur. Einnig um afskiptaleyfi á viðburðum og nefnt var dæmi um slagsmál þar sem enginn steig inn í því þetta var viðburður hjá bekkjarráði og einhver úr því hlyti að skakka leikinn.

Rætt um mikilvægi okkar sem foreldraráðs að vera stuðningur við bekkjarráðin. Þau viti að þau geti kallað okkur inn til aðstoðar ofl. Mikilvægt að við gefum skýr skilaboð og nú þegar erum við búin að senda póst á alla foreldra þar sem áréttað er að bekkjarráðin eru ekki gæsluaðilar barna fyrir aðra.

Daníel ætlar að uppfæra listann fyrir foreldraróltið, vonandi kemst það þá í gang í seinasta lagi í byrjun næsta árs.